



11. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins þriðjudaginn 7. mars 2017 kl. 12:00.

Mættir voru: Reynir Atli Jónsson, Vikar Már Vífilsson, Guðmundur Björnsson, Dawid Potryskus, Stefán Benjamínsson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis á Langanesvegi 12

Umsókn frá Gistiheimilinu Lyngholt ehf. kt. 530606-1630, Langanesvegi 12, Þórshöfn um endurnýjun rekstrarleyfis, flokkur III. Erindi frá sýslumanni á Norðurlandi eystra, dags. 16. febr. 2017 lagt fram.

Bókun: Nefndin samþykkir endurnýjun starfsleyfis fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis Eyrarvegi 2, efri hæð

Umsókn frá Gistiheimilinu Lyngholt ehf. kt. 530606-1630, Eyrarvegi 2, Þórshöfn um endurnýjun rekstrarleyfis, flokkur III. Erindi frá sýslumanni á Norðurlandi eystra, dags. 16. febr. 2017 lagt fram.

Bókun: Nefndin samþykkir endurnýjun starfsleyfis fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

3. Innsent erindi frá Heiðarbændum, liðir 2 og 3.

Erindi frá Marinó Jóhannssyni og 10 öðrum „heiðarbændum“ í fimm tölusettum liðum, dagsett 9. janúar 2017, lagt fram.

Bókun vegna liðar 2: Nefndin mælir með því að væntanlegu styrkvegafé Vegagerðarinnar verði að þessu sinni ráðstafað til viðhalds heiðarvegum.

Samþykkt samhljóða.



4. Önnur mál

A) Aðstaða fyrir ferðamenn.

Bókun: Atvinnu- og ferðamálanefnd lýsir yfir áhyggjum sínum vegna aðstöðuleysis fyrir ferðamenn sem skapaðist eftir bruna N1 skálans í vetur, sérstaklega með tilliti til aðgengi að snyrtiaðstöðu.

B) Finna fjörður. Formaður greindi frá framgangi og þróun mála. Umræður.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:45.